

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 143/2005

frá 2. desember 2005

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2005 frá 21. október 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/34/EB frá 17. maí 2005 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum etoxasóli og tepraloxýdími ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12a (tilskipun ráðsins 91/414/EBE) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **32005 L 0034**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/34/EB frá 17. maí 2005 (Stjtíð. ESB L 125, 18.5.2005, bls. 5).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2005/34/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 3. desember 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 14, 19.1.2006, bls. 21 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 4, 19.1.2006, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 125, 18.5.2005, bls. 5.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 2. desember 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.